

## AUGLÝSING

### um verndarsvæði í byggð.

Skilmálar sem um vernd og uppbyggingu verndarsvæðis gilda eru birtir á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is), ásamt ítarefni.

#### *Neðstikaupstaður og Skutulsfjarðareyri.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Ísafjarðarbæjar, að tvö svæði á Ísafirði, *Neðstikaupstaður* og *Skutulsfjarðareyri*, verði gerð að sérstöku verndarsvæði innan sveitafélagsins skv. ákvæðum laganna.

*Neðstikaupstaður* samanstendur af elstu húsabyrpingu landsins sem enn stendur, og fjöru sem liggur vestan við hana. Svæðið afmarkast af sjólinu til vesturs og Suðurtanga til austurs. Svæðið afmarkast að norðan af þeim stað sem sandfjara sunnan Ásgeirsbakka endar, og liggja mörkin þaðan að Tjöruhúsinu, og snúa mörk svo til norðurs umhverfis húsabyrpinguna frá 18. öld og ná síðan í skálínu niður að Suðurtanga til austurs. Syðri mörk liggja sunnan við gömlu bryggjuna, þaðan í skálínu sunnan við Suðurtanga 2 og ná til Suðurtanga.

*Skutulsfjarðareyri* skipist í Miðkaupstað og Hæstakaupstað og er samfelld og þétt byggð húsa á efra svæðinu á Eyri. Svæðið afmarkast af Fjarðarstræti til norðurs og Sundstræti til austurs, og Skipagötu að suðurenda Brunngötu til suðurs. Þaðan sveigjast syðri útmörkin í skálínu til suðurs og ná utan um þau hús sem tilheyrja Aðalstræti beggja megin þess hluta götunnar sem liggur sunnan Skipagötu. Syðsti hluti verndarsvæðisins miðast þannig við syðstu húsin í Aðalstræti og ná mörkin umhverfis þetta svæði sem kennt er við Miðkaupstað. Austurmörk svæðisins halda áfram austan með syðstu húsunum við Aðalstræti í norðurátt, en sveigja lítillega til austurs og áfram í norðurátt frá gatnamótum Aðalstrætis og Skipagötu. Markast þau þar af miðju Aðalstrætis og taka mið af upphaflegri legu götunnar í beina línu í átt að Faktorshúsi í Hæstakaupstað. Mörkin sveigja síðan til vesturs meðfram Austurvegi, sunnan Austurvallar, og þaðan til norðurs meðfram Norðurvegi þar til Fjarðarstræti er náð.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 6. október 2023.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefán Guðmundsson.*